

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/893

2018/EES/7/01

frá 24. maí 2017

um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar ákvæði um unnið dýraprotín (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrömnunar <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) <sup>(2)</sup>, einkum 31. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.), 41. gr. (þriðja undirgrein 3. mgr.) og 42. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvillu [var áður „smitandi heilahrömnunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílikum, um útflutning þeirra.
- 2) Með 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er bannað að jörturdýr séu fóðruð á protíni úr dýrum. Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar er bannað rýmkað til að það nái til annarra dýra en jörturdýra og þrengt að því, að því er varðar fóðrun þessara dýra með afurðum úr dýraríkinu, í samræmi við IV. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað, sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., rýmkað til að það nái til fóðrunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, að undanskilinni fóðrun loðdýra sem eru kjötætur, m.a. með unnu dýraprotíni. Með c-lið II. kafla IV. viðauka er þó leyft, með undanþágu og við sérstök skilyrði, að fóðra einungis lagareldisdýr með unnu dýraprotíni úr dýrum sem ekki eru jörturdýr, að því tilskildu að unna dýraprotínið og fóðurböndur sem innihalda slíkt protín hafi verið framleidd í samræmi við D-þátt IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Sem stendur er gerð sú krafa í þessum þætti að aukaafurðir úr dýrum, sem eru notaðar til framleiðslu á slíku unnu dýraprotíni, komi frá sláturhúsum eða stykkjunarstöðvum. Að teknu tilliti til framleiðsluferlis í tengslum við unnin dýraprotín úr skordýrum er ekki unnt að uppfylla þessa kröfu að því er varðar skordýr. Af þessum sökum er notkun á unnu dýraprotíni úr skordýrum í fóður fyrir lagareldisdýr sem stendur ekki leyfð.
- 4) Í nokkrum aðildarríkjum er byrjað að rækta skordýr til framleiðslu á unnu dýraprotíni úr þeim og öðrum afleiðum skordýra sem eru ætluð í gæludýrafóður. Þessi framleiðsla fer fram innan ramma landsbundinna varnaráætlana lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Rannsóknir hafa sýnt að alin skordýr gætu verið annars konar og sjálfbær lausn í stað hefðbundinna dýraprotínjafa sem eru ætlaðir í fóður fyrir alin dýr sem ekki eru jörturdýr.
- 5) Hinn 8. október 2015 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit varðandi áhættulýsingu í tengslum við framleiðslu og neyslu á skordýrum sem matvæli og fóður <sup>(3)</sup>. Að því er varðar áhættur í tengslum við tilvist þríona komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að í samanburði við hættur

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 92. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> „Scientific Opinion on a Risk profile related to production and consumption of insects as food and feed“, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2015) 13(10), 4257.

sem skapast af prótingjöfum úr dýraríkinu, sem eru sem stendur leyfðir, sé búist við því að hættur skapist jafnoft eða sjaldnar af óunnum skordýrum, svo fremi að skordýrin séu fóðruð á æti sem inniheldur ekki efni úr jórturdýrum eða mönnum (saur). Þar eð vinnsla á skordýrum getur dregið enn frekar úr því að líffræðilegar hættur komi upp gildir þessi yfirlýsing einnig þegar um er að ræða unnið dýraprótn úr skordýrum.

- 6) Samkvæmt skilgreiningunni á „alidýrum“, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal líta á skordýr, sem eru ræktað til framleiðslu á unnu dýraprótni úr skordýrum, sem alidýr og falla þau því undir reglur um fóðurbann, sem mælt er fyrir um í 7. gr. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem og undir reglur um fóðrun dýra sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Þar af leiðandi er bannað að nota prótn úr jórturdýrum, eldhússúrgang, kjöt- og beinamjöl og húsdýraaburð sem fóður fyrir skordýr. Enn fremur er notkun á saur í fóður bönnuð, í samræmi við III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 <sup>(1)</sup>.
- 7) Því ætti að leyfa unnið dýraprótn úr skordýrum og fóðurböndur, sem innihalda slík unnin dýraprótn, til að fóðra lagareldisdýr. Því ætti að breyta c-lið II. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það og bæta ætti við þætti í IV. kafla í IV. viðauka við þá reglugerð þar sem mælt er fyrir um skilyrði í tengslum við smitandi svampheilakvilla vegna framleiðslu á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum og fóðurböndum sem innihalda slík prótn.
- 8) Með samsvörun við það sem þegar gildir um unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurböndur, sem innihalda slík prótn og er ætluð til að fóðra lagareldisdýr, ætti að mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni úr skordýrum í því skyni að koma í veg fyrir áhættu á víxlmengun við önnur prótn sem gætu valdið áhættu á smitandi svampheilakvilla hjá jórturdýrum. Einkum ætti, með samsvörun við skilyrðin sem mælt er fyrir um í A-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að framleiða unnið dýraprótn úr skordýrum í stöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr öldum skordýrum.
- 9) Í þágu réttarvissu þykir að auki rétt að setja inn skilgreiningu á öldum skordýrum í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 10) Því ætti að breyta I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 11) Í X. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. vinnslubreytur varðandi framleiðslu á öruggu fóðri úr dýraríkinu sem ætlað er til fóðrunar á alidýrum. Aðeins má fóðra alin dýr, önnur en loðdýr, á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem uppfylla kröfurnar í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Ákvæðin, sem sett eru fram í X. viðauka við þá reglugerð, ná ekki yfir lifandi skordýr og þurrkuð skordýr í fóður fyrir alidýr en notkun á þurrkuðum skordýrum í gæludýrafóður eða sem gæludýrafóður fellur undir ákvæðin sem sett eru fram í XIII. viðauka við fyrrgreinda reglugerð.
- 12) Breytingin á reglugerð (EB) nr. 999/2001, með það í huga að leyfa unnið dýraprótn úr skordýrum til að fóðra lagareldisdýr, er líkleg til að opna fyrir tækifæri til meiri framleiðslu á unnu dýraprótni úr skordýrum í Sambandinu. Hægt er að taka á núverandi, minni háttar ræktun á skordýrum í gæludýrafóður á fullnægjandi hátt með gildandi landsbundnum varnaráætlunum en rétt þykir að fastsetja Sambandákvæði, sem taka á dýraheilbrigði, lýðheilsu, plöntuheilbrigði eða umhverfisáhættum, til að tryggja að umfangsmeiri ræktun á skordýrum í Sambandinu sé örugg. Að því er varðar skordýrategundir sem eru ræktaðar í Sambandinu ættu þær ekki að vera sjúkdómsvaldandi eða hafa önnur skaðleg áhrif á plöntur, dýr eða heilbrigði manna; þær ættu ekki að vera þekktar sem smitferjur fyrir sýkla sem leggjast á menn, dýr eða plöntur og þær ættu ekki að vera verndaðar eða skilgreindar sem ágengar tegundir. Að teknu tilliti til þessara landsbundnu áhættumata, sem og til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 8. október 2015, má tilgreina eftirfarandi skordýrategundir sem þær skordýrategundir, sem eru sem stendur ræktaðar í Sambandinu, sem uppfylla framangreind öryggisskilyrði fyrir framleiðslu á skordýrum til notkunar í fóður: svartdátaflugan (*Hermetia illucens*), húsflygan (*Musca domestica*), mjölbjallan (*Tenebrio molitor*), dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*), húskrybban (*Acheta domestica*), beltakrybban (*Gryllobius sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*).

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtd. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefniriti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtd ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

- 13) Því ætti að breyta X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að bæta við skrá í 1. þætti í II. kafla viðaukans yfir skordýrategundir sem má nota til framleiðslu á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum. Framangreindar skordýrategundir ættu að vera í þessari skrá og má breyta henni í framtíðinni á grundvelli mats á áhættu af völdum viðkomandi skordýrategunda fyrir heilbrigði dýra, lýðheilsu, plöntuheilbrigði eða umhverfið.
- 14) Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur um innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá þriðju löndum. Öryggiskröfur, sem gilda um ræktun skordýra sem ætlunin er að nota í fóður fyrir lagardýr og um setningu á unnu dýraprótni úr þessum skordýrum á markað, einkum að því er varðar skordýrategundir sem má nota og fóðrið sem má gefa skordýrunum, ættu einnig að gilda þegar um er að ræða innflutning frá þriðju löndum. Því ætti að breyta 1. og 2. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að mæla fyrir um þessar kröfur varðandi innflutning til Sambandsins.
- 15) Í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir innflutning á aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins. Fyrirmyndin að heilbrigðisvottorðinu, sem sett er fram í 1. kafla XV. viðauka við þá reglugerð, gildir um innflutning á unnu dýraprótni til Sambandsins. Að því er varðar innflutning á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum ætti að mæla fyrir um nýja fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem ætti að innihalda sértækar kröfur um ræktun alinna skordýra til framleiðslu á unnu dýraprótni, sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem og aðrar viðkomandi kröfur um innflutning á unnu dýraprótni. Því ætti að setja nýju fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði fyrir innflutning á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum inn í 1. kafla XV. viðauka.
- 16) Enn fremur ætti nýja fyrirmyndin að heilbrigðisvottorði, sem sett er inn í 1. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, einnig að taka mið af breytingunni sem gerð var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1396 <sup>(1)</sup> á kröfum í tengslum við smitandi svampheilakvilla, sem gilda um innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddar afurðir úr nautgripum, sauðfé eða geitum, eins og sett er fram í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 17) Því ætti að breyta X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 18) Í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um kröfur til að koma í veg fyrir víxlmengun við flutning í lausu, annars vegar milli fiskimjöls, tvíkalsíumfosfats og þríkalsíumfosfats úr dýraríkinu, blóðafurða úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem og fóðurblandna sem innihalda þessar afurðir, sem eru ætlaðar til að fóðra alin dýr sem ekki eru jörturdýr, og hins vegar fóðurs sem er ætlað fyrir jörturdýr. Að teknu tilliti til þess að svipuð áhætta á víxlmengun er fyrir hendi þegar þessi efni eru geymd í lausu ætti að rýmka kröfurnar í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að þær nái yfir geymslu í lausu á fiskimjöli, tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu, blóðafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóðurböndum sem innihalda þessi efni.
- 19) Í B-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um kröfur til að koma í veg fyrir víxlmengun við flutning, annars vegar milli fóðurefna í lausu og fóðurblandna í lausu sem innihalda afurðir úr jörturdýrum, aðrar en mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, díkalsíumfosfórs og þríkalsíumfosfórs úr dýraríkinu og vatnsrofinna prótína úr jörturdýrahúðum og -skinnum og hins vegar fóðurs sem er ætlað fyrir alidýr, önnur en loðdýr. Að teknu tilliti til þess að svipuð áhætta á víxlmengun er fyrir hendi þegar þessi efni eru geymd í lausu ætti að rýmka kröfurnar í B-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að þær nái yfir geymslu í lausu á fóðurefnum og fóðurböndum sem innihalda afurðir úr jörturdýrum, aðrar en mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu og vatnsrofin prótín úr jörturdýrahúðum og -skinnum.
- 20) Í a-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að aukaafurðir úr dýrum sem eru notaðar til framleiðslu á unnu dýraprótni, öðru en fiskimjöli, úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og sem er ætlað til notkunar í fóður fyrir lagareldisdýr komi úr sláturhúsum, þar sem jörturdýrum er ekki slátrað, og úr stykkjunarstöðvum sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jörturdýrum. Í a-lið er kveðið á um undanþágu frá þeirri kröfu fyrir sláturhús þar sem gerðar eru árangursríkar ráðstafanir í því skyni að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jörturdýrum og aukaafurða úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og sem hafa verið skoðuð og fengið leyfi lögbærs yfirvalds á þeim grundvelli.

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1396 frá 18. ágúst 2016 um breytingu á tilteknum viðaukum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar (Stjttíð. ESB L 225, 19.8.2016, bls. 76).

- 21) Í því skyni að leyfa fleiri möguleika þegar kemur að tegund hráefna sem eru notuð til framleiðslu á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem ætlað er til notkunar í fóður fyrir lagareldisdýr eða til útflutnings, er rétt að breyta a-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að leyfa notkun aukaafurða úr dýrum frá öðrum starfsstöðvum en sláturhúsum eða stykkjunarstöðvum, að því tilskildu að þessar aðrar starfsstöðvar séu eingöngu ætlaðar til meðhöndlunar á efnum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eða að þær hafi hlotið leyfi lögbærs yfirvalds í kjölfar vettvangsskoðunar, á grundvelli sömu krafna um aðskilda farvegi og kveðið er á um í nágildandi undanþágu fyrir sláturhús, að því tilskildu að þessar kröfur um aðskilda farvegi veiti nauðsynlegar tryggingar fyrir því að komið sé í veg fyrir víxlmengun og höfð stjórn á henni. Einnig er rétt að rýmka undanþáguna fyrir sláturhús þannig að hún nái líka yfir stykkjunarstöðvar, að því tilskildu að sömu kröfum um aðskilda farvegi sé beitt. Því ætti að breyta D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 22) Í b-lið A-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem fylgir með, og allar umbúðir fyrir fiskimjöl og fóðurböndur, sem innihalda fiskimjöl, skulu merkt með orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jörturdýrum“. Hins vegar er ekki krafist viðskiptaskjals eða heilbrigðisvottorðs, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, fyrir fóðurböndur. Því er rétt að breyta b-lið A-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að skýra nánar að að því er varðar fóðurböndur sem innihalda fiskimjöl ætti aðeins að bæta orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jörturdýrum“ við á merkimiðann á fóðurböndunni. Í þessu samhengi ætti einnig að breyta B-þætti, d-lið í C-þætti og e-lið í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 23) Með C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað að framleiða fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr, í starfsstöðvum þar sem framleitt er gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr sem inniheldur afurðir úr jörturdýrum sem bannað er að nota í fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr. Mæla ætti fyrir um svipað bann að því er varðar starfsstöðvar þar sem framleitt er gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr sem inniheldur unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, annað en fiskimjöl, í því skyni að koma í veg fyrir víxlmengun fóðurs fyrir alidýr, önnur en loðdýr, eða lagareldisdýr og afurða sem bannaðar eru í slíkt fóður. Því ætti að breyta C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 24) Með 1. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er bannað að flytja út unnið dýraprótn úr jörturdýrum. Þeirri kröfu var upphaflega ætlað að hamla útbreiðslu kúariðu þegar kúariða geisaði í Sambandinu og þegar Evrópa var sá heimshluti sem varð fyrir mestum áhrifum af farsóttinni. Ástandið í Sambandinu, að því er varðar kúariðu, hefur þó batnað umtalsvert. Á árinu 2015 var tilkynnt um fimm tilvik kúariðu í Sambandinu samanborið við 2 166 tilkynnt tilvik á árinu 2001. Þessi framför í Sambandinu að því er varðar kúariðuástandið endurspeglast í þeirri staðreynd að nú eru 23 aðildarríki Sambandsins viðurkennd sem ríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB <sup>(1)</sup>, á grundvelli viðurkenningar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar á stöðu áhættu í tengslum við kúariðu á alþjóðavettvangi.
- 25) Því ætti að afnema bannið við útflutningi á unnu dýraprótni úr jörturdýrum og þess í stað koma sérstök skilyrði sem skal fara að í því skyni að draga úr byrði fyrir viðskipti og gera skilyrðin sanngjarnari miðað við núverandi faraldsfræðilegt ástand í tengslum við kúariðu. Markmiðið með þessum skilyrðum ætti einkum að vera að tryggja að útfluttar afurðir innihaldi ekki kjöt- og beinamjöl en útflutningur á því er ekki leyfður skv. 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Þar eð kjöt- og beinamjöl getur innihaldið sérstök áhættuefni eða getur verið úr dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til manneldis skapar kjöt- og beinamjöl aukna áhættu í tengslum við kúariðu og ætti því ekki að flytja það út.
- 26) Í því skyni að tryggja að útflutt, unnið dýraprótn úr jörturdýrum innihaldi ekki kjöt- og beinamjöl og sé ekki notað í öðrum tilgangi en heimilt er samkvæmt löggjöf Sambandsins ætti að flytja unnið dýraprótn úr jörturdýrum í lokuðum umbúðum beint frá vinnlustöð til brottfararstaðar í Sambandinu, sem ætti að vera skoðunarstöð á landamærum sem tilgreind er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB <sup>(2)</sup>, svo unnt sé að inna opinbert eftirlit af hendi. Slíkt opinbert eftirlit ætti að fara fram í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru í gildi varðandi opinbert eftirlit, einkum viðskiptaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem komið var á í 6. lið III. kafla VIII. viðauka við reglugerð

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinn svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknæiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

- (ESB) nr. 142/2011 og samskipti milli lögbærra yfirvalda gegnum samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfið um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB <sup>(1)</sup>.
- 27) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 verður vinnslustöðin að vera samþykkt fyrir vinnslu á efni í 3. flokki og í samræmi við 45. gr. þeirrar reglugerðar, verður hún að vera undir reglulegu opinberu eftirliti, þ.m.t. að því er varðar varanlega merkingu á efni í 1. og 2. flokki, sem krafist er með þeirri reglugerð, ef vinnslustöðin er einnig samþykkt fyrir vinnslu á efni í 1. og/edá 2. flokki.
- 28) Í 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að fódurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og eru ætlaðar til útflutnings, séu framleiddar í samræmi við tilteknar kröfur, einkum með tilvísun í e-lið A-þáttar V. kafla IV. viðauka við þá reglugerð, sem vísar svo til D-þáttar IV. kafla þess viðauka. Þar eð þessar millivísanir hafa leitt til ólíkra túlkana er rétt að endursemjja 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að skýra nánar þær kröfur sem gilda um framleiðslu á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eða á fódurblöndum, sem innihalda slík prótín, sem ætlaðar eru til útflutnings frá Sambandinu.
- 29) Vísunin í b-lið 2. liðar E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem varðar útflutning á fódurblöndum sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, til d-liðar D-þáttar IV. kafla í þeim viðauka, sem varðar framleiðslu á fódurblöndum sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, til fódunar á lagareldisdýrum, hefur m.a. ekki verið aðlöguð að öllum tilvikum. Í d-lið D-þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er þess krafist að starfsstöðvar fyrir fódurblöndur séu eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fódri fyrir lagareldisdýr eða leyfðar á grundvelli ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir víxlmengun milli fódurs, sem er ætlað fyrir lagareldisdýr, og fódurs, sem er ætlað fyrir önnur alidýr, en samkvæmt IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, ef um er að ræða útflutning, er ekki sett takmörkun á hvaða dýrategundir má fódra á útfluttum fódurblöndum í þriðja landi. Víxlmengunin, sem um ræðir í þessu tilviki, er því á milli útfluttra fódurblandna sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fódurs sem er ætlað öðrum alidýrum en lagareldisdýrum sem á að setja á markað í Sambandinu. Því ætti að breyta 2. lið E-þáttar V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 30) Breytingarnar, sem lýst er í fyrri forsendum varðandi 1) geymslu á tilteknum fódurefnum og fódurblöndum, 2) framleiðslu á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum og á fódurblöndum sem innihalda slík prótín, 3) útflutning á fódurblöndum sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og 4) notkun á hráefnum frá öðrum starfsstöðvum en sláturhúsum og stykkjunarstöðvum til framleiðslu á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, fela í sér kröfur til lögbærs yfirvalds í aðildarríkjunum um að skrá eða leyfa tilteknar starfsstöðvar á grundvelli þess að fyrrgreindar kröfur séu uppfylltar. Því ætti að breyta A-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að hann nái yfir þá skyldu aðildarríkjanna að halda skráum yfir þessar starfsstöðvar uppfærðum og gera þær aðgengilegar öllum.
- 31) Til að takmarka byrði fyrir lögbær yfirvöld ætti að takmarka birtingu á skráum rekstraraðila eingöngu við þau tilvik þar sem slík birting er nauðsynleg fyrir rekstraraðila til að sanngreina hvaða hugsanlegir birgjar uppfylla kröfurnar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og fyrir lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með að þessar kröfur séu uppfylltar í öllu framleiðsluferlinu. Því ætti að breyta A-þætti V. kafla IV. viðauka til að undanskilja skrár yfir þá sem blanda fódur heima hjá sér frá þeirri skyldu að vera gerðar opinberar.
- 32) Þar eð aðildarríkin og rekstraraðilar þurfa nægan tíma til að laga sig að breytingunum sem gerðar eru með þessari reglugerð á A-þætti III. kafla, að því er varðar geymslu á tilteknum fódurefnum og fódurblöndum í lausu, og á A-, B- og C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að því er varðar skrár yfir starfsstöðvar þar sem framleiðsla fer fram í samræmi við tilteknar kröfur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, að því er varðar geymslu á fódri sem inniheldur afurðir úr jörturdýrum og að því er varðar framleiðslu á gæludýrafóðri, sem inniheldur unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, ættu þessar breytingar að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.
- 33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fódur.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EEB (Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum X. XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Hins vegar skulu eftirfarandi breytingar, sem gerðar eru á IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með þessari reglugerð, koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018:

- a) breytingarnar sem gerðar eru á A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með i. lið b-liðar í 2. lið I. viðauka við þessa reglugerð og
- b) breytingarnar sem gerðar eru á A-, B- og C-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með i. lið d-liðar í 2. lið I. viðauka við þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi iv. liður bætist við í d-lið 1. liðar:

„iv. „merkimiði“ í t-lið 2. mgr. 3. gr.

b) Eftirfarandi liðir bætist við 2. lið:

„m) „alin skordýr“: alidýr, eins og þau eru skilgreind í a-lið 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, af þeim skordýrategundum sem eru leyfðar til framleiðslu á unnu dýraprótni í samræmi við 2. lið A-hluta 1. þáttar II. kafla í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

n) „þeir sem blanda fóður heima hjá sér“: búfjárræktendur sem blanda fóðurblöndur eingöngu til nota á eigin búi.“

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar í II. kafla komi eftirfarandi:

„c) lagareldisdýra á eftirfarandi fóðurefnum og fóðurblöndum:

i. unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðru en fiskimjöli og öðru en unnu dýraprótni úr öldum skordýrum, og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótn, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í D-þætti IV. kafla,

ii. unnu dýraprótni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótn, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í F-þætti IV. kafla“.

b) Ákvæðum III. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað A-þáttar komi eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

***Flutningur og geymsla á fóðurefnum og fóðurblöndum sem ætlunin er að nota til fódunar alidýra sem ekki eru jörturdýr***

1. Eftirfarandi afurðir, sem ætlunin er að nota til fódunar alidýra sem ekki eru jörturdýr, skulu fluttar með ökutækjum og í ílátum og geymdar í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er jörturdýrum:

a) unnið dýraprótn í lausu úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýraprótn úr öldum skordýrum,

b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat í lausu úr dýraríkinu,

c) blóðafurðir í lausu úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,

d) fóðurblöndur í lausu sem innihalda fóðurefnin sem talin eru upp í a-, b- og c-lið.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrá, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar eða geymdar í geymslustöð, í a.m.k. tvö ár.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á afurðunum sem eru taldar upp í þeim lið, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er jörturdýrum að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

3. Geymslustöðvar þar sem fóðurefni og fódurblöndur, sem tilgreind eru í 1. lið, eru geymd í samræmi við 2. lið skulu hafa heimild lögbærs yfirvalds á grundvelli sanngreiningar á því að þær uppfylli kröfurnar í 2. lið.
4. Unnið dýrapróttín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum en að undanskildu fiskimjöli, og fódurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýrapróttín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.
5. Þrátt fyrir ákvæði 4. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á afurðunum sem um getur í þeim lið, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.“

ii. Í stað 3. liðar í B-þætti komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fódurblöndum, sem innihalda afurðirnar sem eru taldar upp í þeim lið, með fyrirvara um að þeir fari að eftirfarandi skilyrðum:

- a) lögbært yfirvald skal skrá þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fódurblöndum sem innihalda afurðirnar sem tilgreindar eru í 1. lið,
- b) þeir skulu einungis halda dýr sem ekki eru jörturdýr,
- c) allar fódurblöndur, sem innihalda fiskimjöl, sem eru notaðar við framleiðslu á fódurblöndum skulu innihalda minna en 50% af hrápróttíni,
- d) allar fódurblöndur, sem innihalda tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfóðrinu skulu innihalda minna en 10% heildarfosfór,
- e) allar fódurblöndur, sem innihalda blóðafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem eru notaðar við framleiðslu á heilfóðri skulu innihalda minna en 50% hrápróttín.“

iii. Í stað a-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„a) unnið dýrapróttín úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum,“.

iv. Í stað a-liðar 1. liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

„a) unnu dýrapróttín úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. fiskimjöl og unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum,“.

c) Ákvæðum IV. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar í A-þætti komi eftirfarandi:

„b) Orðin „inniheldur fiskimjöl – má ekki nota í fóður handa jörturdýrum nema jörturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á fiskimjöli.

Orðin „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jörturdýrum“ skulu koma skýrt fram á merkimiða á fódurblöndu sem inniheldur fiskimjöl sem er ætlað fyrir alidýr sem ekki eru jörturdýr, önnur en loðdýr.“

- ii. Í stað B-þáttar komi eftirfarandi:

*„B-ÞÁTTUR*

***Sérstök skilyrði sem gilda um notkun á tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu og fôðurböndum, sem innihalda slík fosföt, sem ætlunin er að nota til fôðrunar alidýra, sem ekki eru jörturdýr, annarra en löðdýra***

- a) Orðin „tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu — má ekki nota í fôður handa jörturdýrum“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu.
- b) Orðin „inniheldur tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu — má ekki gefa jörturdýrum“ skulu komu skýrt fram á merkimiða á fôðurböndu sem inniheldur tvíkalsíum-/þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu.“

- iii. Í stað fyrstu málsgreinar c-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„c) Blóðafurðirnar skulu framleiddar í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á blóði úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem vinnslustöð þar sem eingöngu er unnið blóð úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.“

- iv. Í stað d-liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„d) Orðin „blóðafurðir sem koma ekki úr jörturdýrum — má ekki nota í fôður handa jörturdýrum“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á blóðafurðum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.

Orðin „inniheldur blóðafurðir sem koma ekki úr jörturdýrum— má ekki gefa jörturdýrum“ skulu koma skýrt fram á merkimiða á fôðurböndu sem inniheldur blóðafurðir sem koma ekki úr jörturdýrum.“

- v. Í stað fyrirsagnar, inngangsorða fyrsta liðar og a-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:

*„D-ÞÁTTUR*

***Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að undanskildu fiskimjöli og að undanskildu unnu dýraprótni úr öldum skordýrum, og fôðurböndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fôðrunar lagareldisýra***

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að undanskildu fiskimjöli og að undanskildu unnu dýraprótni úr öldum skordýrum, og fôðurböndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fôðrunar lagareldisýra:

- a) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti, skulu koma frá:
- sláturhúsum þar sem jörturdýrum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jörturdýrum er ekki slátrað eða
  - stykkiunarstöðvum sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jörturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem stykkiunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jörturdýrum eða
  - aðrar starfsstöðvar en þær sem um getur í i. eða ii. lið sem meðhöndla ekki afurðir úr jörturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jörturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað að jörturdýrum sé slátrað í sláturhúsum þar sem framleiddar eru aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem eru ætlaðar til framleiðslu á unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti svo og meðhöndlun afurða úr jörturdýrum í stykkiunarstöð eða annarri starfsstöð þar sem framleiddar eru aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem ætlaðar eru til framleiðslu á unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar vettvangsskoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jörturdýrum og dýrum sem ekki eru jörturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

- i. slátrun dýra, sem ekki eru jörturdýr, skal fara fram á línunum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línunum sem eru notaðar við slátrun jörturdýra,
  - ii. afurðir úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skulu meðhöndlaðar á framleiðslulínunum sem eru algerlega aðskildar frá þeim framleiðslulínunum sem notaðar eru til að meðhöndla afurðir úr jörturdýrum,
  - iii. aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og pökkun á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jörturdýrum,
  - iv. reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skulu fara fram til að greina hvort prótín úr jörturdýrum eru til staðar. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.“
- vi. Í stað fyrsta liðar c-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:
- „c) Unna dýraprótnið sem um getur í þessum þætti skal framleitt í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem koma úr slátruhúsum, stykkjunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum sem um getur í a-lið. Lögbært yfirvald skal skrá þessar vinnslustöðvar sem stöðvar sem eingöngu vinna aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.“
- vii. Í stað inngangsorða i. liðar í öðrum lið d-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:
- „i. getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fódurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótn sem um getur í þessum þætti, fyrir lagareldisdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fódurblöndur sem eru ætlaðar fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“
- viii. Í stað ii. liðar í d-lið og e-liðar í D-þætti komi eftirfarandi:
- „ii. skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fódurblöndum, sem innihalda unna dýraprótnið sem um getur í þessum þætti, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:
- lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fódurblöndum sem innihalda unnið dýraprótn úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að undanskildu fiskimjöli og unnu dýraprótni úr öldum skordýrum,
  - þeir halda einungis lagareldisdýr og
  - fódurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótn sem um getur í þessum þætti og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótn.
- e) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem fylgir unna dýraprótninu sem um getur í þessum þætti, og merkimiðinn skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „unnið dýraprótn úr dýrum sem ekki eru jörturdýr — má ekki nota í fóður handa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

Eftirfarandi orð skulu koma skýrt fram á merkimiða fódurblandna sem innihalda unna dýraprótnið sem um getur í þessum þætti:

„inniheldur unnið dýraprótn úr dýrum sem ekki eru jörturdýr — má ekki gefa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

## ix. Í stað b- til g-liðar í E-þætti komi eftirfarandi:

- „b) Orðin „fiskimjöl – má ekki nota í fóður handa jórturdýrum nema jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“ skulu koma skýrt fram á viðskiptafylgiskjali eða heilbrigðisvottorði, sem fylgir, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem og á merkimiða á fiskimjöli sem ætlunin er að nota í staðgöngumjól.
- c) Notkun á fiskimjöli fyrir alin jórturdýr, sem ekki er búið að venja undan, skal einungis leyfð til framleiðslu á staðgöngumjól, sem dreift er í duftformi og gefin eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva, til þess að fóðra jórturdýr, sem ekki er búið að venja undan, sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjólkina eftir brodd áður en dýrið hefur að fullu verið vanið undan.
- d) Staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, skal framleidd í starfsstöðvum þar sem ekki eru framleiddar aðrar fóðurblöndur fyrir jórturdýr og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á annarri fóðurblöndu fyrir jórturdýr í starfsstöðvum sem einnig framleiða staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, og er ætluð öldum jórturdýrum, sem ekki er búið að venja undan, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- i. aðrar fóðurblöndur, sem eru ætlaðar jórturdýrum, skulu geymdar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu sem er ætluð fyrir fiskimjöl í lausu og staðgöngumjól í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, meðan á geymslu, flutningum og þökkun stendur,
- ii. aðrar fóðurblöndur, sem eru ætlaðar jórturdýrum, skulu framleiddar í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, er framleidd,
- iii. lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrá með upplýsingum um kaup og notkun á fiskimjöli og sölu á staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, í a.m.k. fimm ár,
- iv. reglubundin sýnataka og greining á öðrum fóðurblöndum, sem ætlaðar eru jórturdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.
- e) Áður en sendingar af innfluttri staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl, eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu skulu innflytjendur tryggja að sýni úr hverri sendingu séu greind í samræmi við greiningaraðferðirnar til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi.
- f) Merkimiði á staðgöngumjól, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, skal greinilega merktur með orðunum „inniheldur fiskimjöl – má ekki gefa jórturdýrum nema jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“.
- g) Staðgöngumjól í lausu, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, skal flutt með ökutækjum og í flátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til að flytja eða geyma annað fóður sem ætlað er jórturdýrum.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði má nota ökutæki, flát og geymsluaðstöðu, sem síðar verða notuð til flutninga eða geymslu á öðru fóðri í lausu sem ætlað er jórturdýrum, til flutninga eða geymslu á staðgöngumjól í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, sem ætluð er öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

- h) Á býlum þar sem jörturdýr eru haldin skulu ráðstafanir vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir að staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, sé gefin öðrum jörturdýrum en þeim sem ekki er búið að venja undan. Lögbært yfirvald skal taka saman skrá yfir býli þar sem notuð er staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, með kerfi þar sem býlin tilkynna um notkunina fyrirfram eða með öðru kerfi sem tryggir að farið sé að þessum sérstöku skilyrðum.“
- x. Eftirfarandi F-þáttur bætist við:

„F-ÞÁTTUR

***Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum og fódurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra***

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótni úr öldum skordýrum og fódurblöndum sem innihalda slíkt unnið dýraprótn sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra:

- a) Unnið dýraprótn úr öldum skordýrum skal:
- i. framleitt í vinnslustöðvum sem eru samþykktar í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr öldum skordýrum og
  - ii. framleitt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- b) Fódurblöndur sem innihalda unnið dýraprótn úr öldum skordýrum skulu framleiddar í starfsstöðvum sem hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi og sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir lagareldisdýr.

Þrátt fyrir þetta sérstaka skilyrði:

- i. getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fódurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótn úr öldum skordýrum, fyrir lagareldisdýr í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fódurblöndur sem eru ætlaðar fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
  - fódurblöndur sem eru ætlaðar jörturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fódurblöndur fyrir dýr, sem ekki eru jörturdýr, eru framleiddar og geymdar,
  - fódurblöndur sem eru ætlaðar lagareldisdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fódurblöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jörturdýr, eru framleiddar og geymdar,
  - lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á unnu dýraprótninu úr öldum skordýrum og sölu á fódurblöndum, sem innihalda slíkt prótín, í a.m.k. fimm ár,
  - reglubundin sýnataka og greining á fódurblöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en lagareldisdýrum, skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár,

ii. skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurböndum, sem innihalda unna dýrapróteín úr öldum skordýrum, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

- lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurböndum sem innihalda unnið dýrapróteín úr öldum skordýrum,
- þeir halda einungis lagareldisdýr og
- fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýrapróteín úr öldum skordýrum og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hrápróteín.

c) Viðskiptafylgiskjal eða heilbrigðisvottorð, sem um getur í 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og við á, sem fylgir unna dýrapróteíninu úr öldum skordýrum, og merkimiðinn skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „unnið skordýrapróteín — má ekki nota í fóður handa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

Eftirfarandi orð skulu komu skýrt fram á merkimiðanum fóðurblandna sem innihalda unnið dýrapróteín úr skordýrum:

„inniheldur unnið dýrapróteín úr dýrum sem ekki eru jörturdýr — má ekki gefa alidýrum nema lagareldisdýrum og loðdýrum“.

d) Ákvæðum V. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað A-, B- og C-þáttar komi eftirfarandi:

*„A-ÞÁTTUR*

*Skráningar*

1. Aðildarríkin skulu halda skrár, sem eru uppfærðar og aðgengilegar öllum, um:

- a) sláturhús, sem eru skráð sem sláturhús þar sem jörturdýrum er ekki slátrað, í samræmi við fyrsta lið a-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús þar sem hægt er að fá blóð sem er framleitt í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar C-þáttar IV. kafla,
- b) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem eingöngu er framleitt blóð sem kemur ekki úr jörturdýrum, í samræmi við fyrsta lið c-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleiddar eru blóðafurðir í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar C-þáttar IV. kafla,
- c) sláturhús, sem eru skráð sem sláturhús þar sem jörturdýrum er ekki slátrað, stykkjunarstöðvar sem eru skráðar sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jörturdýrum og aðrar stöðvar, sem eru skráðar sem stöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jörturdýrum, þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýrapróteíni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, í samræmi við fyrsta lið a-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús, stykkjunarstöðvar og aðrar stöðvar þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýrapróteíni úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar D-þáttar IV. kafla,
- d) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem ekki eru unnar aukaafurðir úr jörturdýrum í samræmi við fyrsta lið c-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýrapróteín úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem starfa í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar D-þáttar IV. kafla,
- e) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurböndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við B-þátt III. kafla, fóðurböndur sem innihalda fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, eða blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,

- f) leyfðar starfsstöðvar fyrir fódurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla, fódurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem og leyfðar starfsstöðvar fyrir fódurblöndur þar sem eingöngu eru framleiddar, í samræmi við ii. lið b-liðar 3. liðar E-þáttar V. kafla, fódurblöndur til útflutnings frá Sambandinu eða fódurblöndur til útflutnings frá Sambandinu og fódurblöndur fyrir lagareldisdýr sem setja skal á markað,
  - g) leyfðar starfsstöðvar fyrir fódurblöndur þar sem framleidd er, í samræmi við d-lið E-þáttar IV. kafla, staðgöngumjól sem inniheldur fiskimjól sem ætluð er öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan,
  - h) leyfðar starfsstöðvar fyrir fódurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við b-lið F-þáttar IV. kafla, fódurblöndur sem innihalda unnið dýraprótein úr öldum skordýrum,
  - i) geymslustöðvar sem eru leyfðar í samræmi við 3. lið A-þáttar III. kafla eða í samræmi við þriðja lið d-liðar í 3. lið E-þáttar V. kafla.
2. Aðildarríkin skulu halda uppfærðar skrár yfir þá sem blanda fóður heima hjá sér sem skráðir eru í samræmi við 3. lið B-þáttar III. kafla, ii. lið d-liðar D-þáttar IV. kafla og ii. lið b-liðar F-þáttar IV. kafla.

#### B-ÞÁTTUR

##### *Flutningur og geymsla á fódurefni og fódurblöndum sem innihalda afurðir úr jórturdýrum*

1. Fódurefni í lausu og fódurblöndur í lausu, sem innihalda aðrar afurðir úr jórturdýrum en þær sem taldar eru upp í eftirtöldum a- til d-lið, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fódri sem ætlað er öðrum alidýrum en loðdýrum:
  - a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
  - b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
  - c) vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum,
  - d) brædd fita úr jórturdýrum með hámarks magn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem áður hafa verið notuð til flutninga eða geymslu á fódurefni í lausu og fódurblöndum í lausu sem eru talin upp í þeim lið, til flutninga eða geymslu á fódri sem ætlað er alidýrum, öðrum en loðdýrum, að því tilskildu að þau hafi verið hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir þessa notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

#### C-ÞÁTTUR

##### *Framleiðsla á fódurblöndum, sem innihalda afurðir úr jórturdýrum eða dýrum sem ekki eru jórturdýr, sem ætlaðar eru loðdýrum eða gæludýrum*

1. Fódurblöndur, sem ætlaðar eru loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda aðrar afurðir úr jórturdýrum en þær sem taldar eru upp í eftirfarandi a- til d-lið, skal ekki framleiða í starfsstöðvum þar sem framleitt er fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr:
  - a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
  - b) tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
  - c) vatnsrofin prótín úr jórturdýrahúðum og -skinnum,
  - d) brædd fita úr jórturdýrum með hámarks magn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.

2. Fóðurlöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að undanskildu fiskimjöli, skulu ekki framleiddar í starfsstöðvum sem framleiða fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr eða lagareldisdýr.“

- ii. Í stað D-þáttar komi eftirfarandi:

„D-ÞÁTTUR

**Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurlöndum fyrir alidýr, sem innihalda afurðir úr jörturdýrum, á býlum**

Notkun og geymsla á fóðurefnum og fóðurlöndum fyrir alidýr, sem innihalda aðrar afurðir úr jörturdýrum en þær sem taldar eru upp í a- til d-lið, skal bönnuð á býlum þar sem alidýr, önnur en loðdýr, eru haldin:

- a) mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi,
- b) tvíkalsúmfosfat og þríkalsúmfosfat úr dýraríkinu,
- c) vatnsrofin prótín úr jörturdýrahúðum og -skinnum,
- d) brædd fita úr jörturdýrum með hámarks magn óleysanlegra óhreininda 0,15% miðað við þyngd og afleiður slíkrar fitu.“

- iii. Í stað E-þáttar komi eftirfarandi:

„E-ÞÁTTUR

**Útflutningur á unnu dýrapróteinum og afurðum sem innihalda slík prótín**

1. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýrapróteinum úr jörturdýrum eða á unnu dýrapróteinum úr bæði jörturdýrum og dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) Unna dýrapróteinuð skal flutt í lokuðum umbúðum beint frá vinnslustöðinni þar sem framleiðslan fór fram til brottfararstaðar á yfirráðasvæði Sambandsins, sem skal vera skoðunarstöð á landamærum sem tilgreind er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB (\*). Fyrir brottför frá yfirráðasvæði Sambandsins skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á tilhögun flutningsins á unnu dýrapróteininu, upplýsa lögbært yfirvald á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum um komu vörusendingarinnar á brottfararstað.
- b) Vörusendingunni skal fylgja tilhlýðilega útfyllt viðskiptaskjal sem er gert í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 6. lið III. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og gefið út í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB (\*\*). Á viðskiptaskjalinu verður að tilgreina skoðunarstöð á landamærum, þaðan sem vörusendingin er send, sem brottfararstað í reit I.28.
- c) Þegar vörusendingin kemur á brottfararstað skal lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum sannprófa innsiglið á hverju fláti sem framvísað er á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

Þrátt fyrir þetta er lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum heimilt að ákveða að sannprófa innsigli fláts af handahófi, á grundvelli greiningar á áhættunni.

Ef sannprófun á innsigli er ekki fullnægjandi verður annaðhvort að farga vörusendingunni eða endursenda hana á upprunastarfsstöð.

Lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum skal, gegnum Traces-kerfið, upplýsa lögbært yfirvald, sem er ábyrgt fyrir upprunastarfsstöðinni, um komu vörusendingarinnar á brottfararstað og, eftir atvikum, um niðurstöðu sannprófunar á innsigli og hugsanlega aðgerð sem gerð er til úrbóta.

- d) Lögbært yfirvald, sem er ábyrgt fyrir upprunastarfsstöðinni, skal sinna reglulegu opinberu eftirliti til að sannreyna rétta framkvæmd á a- og b-lið og til að sannreyna, að því er varðar hverja sendingu á unnu dýrapróteinum úr jörturdýrum sem er ætluð til útflutnings, að staðfesting um eftirlit, sem fram fer á brottfararstað, hafi borist frá lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum gegnum Traces-kerfið.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal banna útflutning á vörum sem innihalda unnið dýraprótein úr jórturdýrum.

Þrátt fyrir þetta skal bannið ekki gilda um unnið gæludýrafóður, sem inniheldur unnið dýraprótein úr jórturdýrum, sem:

- a) hefur verið unnið í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og
- b) er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

3. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýrapróteini úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, eða fódurblöndu, sem inniheldur slíkt prótein, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) Unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skal framleitt í vinnslustöðvum sem uppfylla kröfurnar í c-lið D-þáttar IV. kafla.
- b) Fódurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skulu framleiddar í starfsstöðvum fyrir fódurblöndur sem:
  - i. framleiða afurðir sínar í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla eða
  - ii. fá unna dýrapróteinið, sem notað er í fódurblöndur sem eru ætlaðar til útflutnings, frá vinnslustöðvum sem uppfylla a-lið og eru annaðhvort:
    - eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fódurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi eða
    - eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fódurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og framleiðslu á fódurblöndum fyrir lagareldisdýr, sem setja skal á markað í Sambandinu, og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.
- c) Fódurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skal pakkað og þær merktar í samræmi við löggjöf Sambandsins eða lagaskilyrði innflutningslandsins. Ef fódurblanda, sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, er ekki merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins skulu eftirfarandi orð koma fram á merkingunni: „inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jórturdýr“.
- d) Unnið dýraprótein í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fódurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótein og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til að flytja eða geyma fóður sem setja skal á markað og ætlað er til fódunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrá, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar eða geymdar, í a.m.k. tvö ár.

Þrátt fyrir ákvæði fyrsta liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýrapróteini í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fódurblöndum í lausu, sem innihalda slík prótein, og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem setja skal á markað og sem ætlað er til fódunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

Geymslustöðvar sem geyma unnið dýraprótein í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fódurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótein, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í öðrum lið d-liðar skulu fá leyfi hjá lögbæru yfirvaldi á grundvelli sannprófunar á því hvort þær uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í fyrrgreindum lið.

4. Þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. lið. skulu, þrátt fyrir ákvæði þess liðar, ekki gilda um:

- a) gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jórturdýr og sem hefur verið unnið í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,

- b) fiskimjöl, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,
- c) unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,
- d) fódurblöndur sem innihalda ekkert annað unnið dýrapróttín en fiskimjöl og unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum, að því tilskildu að það sé framleitt í samræmi við þennan viðauka,
- e) unnið dýrapróttín úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem er ætlað til framleiðslu á gæludýrafóðri eða lífrænum áburði og jarðvegsbæti í þriðja landi sem er viðtökuland, að því tilskildu að útflytjandi tryggi fyrir útflutning að hver sending af unnu dýrapróttíni sé greind í samræmi við greiningaraðferðina sem sett er fram í lið 2.2 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 í því skyni að ganga úr skugga um að ekki séu til staðar efnisþættir úr jörturdýrum.

---

(\*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

(\*\*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað A-hluta 1. þáttar II. kafla X. viðauka komi eftirfarandi:

„A. Hráefni

1. Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á unnu dýrapróttíni.
2. Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum, sem ætlað er til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, önnur en loðdýr, má eingöngu koma úr eftirfarandi skordýrategundum:
  - i. svartdáttaflugan (*Hermetia illucens*) og húsflugan (*Musca domestica*),
  - ii. mjölbjallan (*Tenebrio molitor*) og dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),
  - iii. húskrybban (*Acheta domestica*), beltakrybban (*Gryllodes sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*).“

2) Ákvæðum I. kafla XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu línu í töflu 1 í 1. þætti komi eftirfarandi:

„1	Unnið dýrapróttín, þ.m.t. blöndur og afurðir aðrar en gæludýrafóður, sem innihalda slík próttín, og fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem innihalda slík próttín.	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, h-, i-, j-, k-, l- og m-lið 10. mgr.	a) Unna dýrapróttínið skal hafa verið framleitt í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka og b) unna dýrapróttínið skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða unnið dýrapróttín, að undanskildu fiskimjöli: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010. b) Ef um er að ræða fiskimjöl: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða unnið dýrapróttín, annað en próttín úr öldum skordýrum: 1. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum: 1. kafli a í XV. viðauka.“
----	--	--	--	--	---

b) Í 2. þætti bætist eftirfarandi 5. liður við:

„5. Flytja má unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum inn til Sambandsins að því tilskildu að það hafi verið framleitt í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) skordýrin tilheyra einni af eftirtöldum tegundum:

— svartdáttaflugan (*Hermetia illucens*) og húsflugan (*Musca domestica*),

- mjölbjallan (*Tenebrio molitor*) og dritbjallan (*Alphitobius diaperinus*),
- húskrybban (*Acheta domesticus*), beltakrybban (*Grylodes sigillatus*) og akurkrybban (*Gryllus assimilis*),

b) æti til að fæða skordýr má eingöngu innihalda afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu eða eftirfarandi afurðir úr dýraríkinu úr efni í 3. flokki:

- fiskimjöl,
- blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
- tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu,
- vatnsrofin prótín úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
- vatnsrofin prótín úr húðum og skinnnum jörturdýra,
- gelatín og kollagen úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,
- egg og eggjaafurðir,
- mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk og broddur,
- hunang,
- brædd fita,

c) æti til að fæða skordýr og skordýr eða lifur þeirra hafa ekki komist í snertingu við önnur efni úr dýraríkinu en þau sem tilgreind eru í b-lið og ætið innihélt ekki húsdýraáburð, eldhússúrgang eða annan úrgang.“

3) Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar fyrirmyndar af heilbrigðisvottorði í 1. kafla komi eftirfarandi:

**„Heilbrigðisvottorð**

*Fyrir unnið dýrapróttín, annað en prótín úr öldum skordýrum, sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings<sup>(2)</sup> um Evrópusambandið“*

b) Eftirfarandi 1. kafli a bætist við:

„1. KAFLI a

**Heilbrigðisvottorð**

Fyrir unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings (²) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a				
	Heiti		I.3. Lögbært stjórnvald					
	Heimilisfang		I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	Sími							
	I.5. Viðtakandi		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB					
	Heiti		Heiti					
	Heimilisfang		Heimilisfang					
Póstnúmer		Póstnúmer						
Sími		Sími						
I.7. Uppruna-land		ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði
I.11. Upprunastaður		Heiti		Samþykkisnúmer	I.12. Viðtökustaður		Tollvöruhegrymsla <input type="checkbox"/>	
Heiti		Heiti		Samþykkisnúmer	Heiti		Samþykkisnúmer	
Heimilisfang		Heimilisfang			Heimilisfang			
Heiti		Heiti		Samþykkisnúmer	Póstnúmer			
Heimilisfang		Heimilisfang						
I.13. Fermingarstaður					I.14. Brottfarardagur			
I.15. Flutningatæki		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB						
<input type="checkbox"/> Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>								
Auðkenning								
Tilvísun í skjöl								

I.18 Lýsing á vöru		I.19 Vörunúmer (ST-númer)	
		I.20 Magn	
I.21 Hitastig afurðar		I.22 Fjöldi pakkninga	
Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			
I.23 Nr. innsiglis/gáms		I.24 Tegund umbúða	
I.25 Vörur sem eru vottaðar:			
Til notkunar í fóður <input type="checkbox"/> Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/> Framleiðsla á gæludýrafóðri <input type="checkbox"/>			
I.26 Til umflutnings um ESB til þriðja lands <input type="checkbox"/>		I.27 Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>	
Þriðja land		ISO-kóði	
I.28. Auðkenning varanna			
Samþykkisnúmer starfsstöðva			
Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Eigin þyngd
			Númer framleiðslulotu

LAND

Unnið dýrapróttin úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til mannelis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt próttin, aðrar en gæludýrafóður

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II. hluti: Vottun	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (1a), einkum 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (1b), einkum 1. þátt II. kafla X. viðauka og I. kafla XIV. viðauka við hana, og votta að:</p>		
	<p>II.1. unna dýrapróttini úr öldum skordýrum eða afurðin, sem er lýst hér að framan, inniheldur eingöngu unnið dýrapróttin sem er ekki ætlað til mannelis og sem:</p> <p>a) hefur verið framleitt og geymt hjá fyrirtæki eða í stöð, sem hefur verið samþykkt og fullgilt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og</p> <p>b) hefur verið framleitt eingöngu úr öldum skordýrum af eftirtöldum tegundum:</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>annaðhvort</i> [— svartdátáflugan (<i>Hermetia illucens</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— húsflugan (<i>Musca domestica</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— mjölbjallan (<i>Tenebrio molitor</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— dritbjallan (<i>Alphitobius diaperinus</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— húskrybban (<i>Acheta domesticus</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— beltakrybban (<i>Gryllodes sigillatus</i>),]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>og/eða</i> [— akurkrybban (<i>Gryllus assimilis</i>),]</p> <p>og</p> <p>c) hefur verið unnið með aðferð [1]-[2]-[3]-[4]-[5]-[7] (2) eins og sett er fram í III. Kafla IV. Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,</p> <p>og</p> <p>d) æti til að fóðra alin skordýr má eingöngu innihalda afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu eða eftirfarandi afurðir úr dýraríkinu úr efni í 3. flokki:</p> <p>— fiskimjöl,</p> <p>— blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,</p> <p>— tvíkalsíumfosfat og þrikalsíumfosfat úr dýraríkinu,</p> <p>— vatnsrofin próttin úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,</p> <p>— vatnsrofin próttin úr húðum og skinum jörturdýra,</p> <p>— gelatín og kollagen úr dýrum sem ekki eru jörturdýr,</p> <p>— egg og eggjaafurðir,</p> <p>— mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk og broddur,</p> <p>— hunang,</p> <p>— brædd fita,</p> <p>og</p> <p>e) æti til að fóðra skordýr og skordýr eða lifur þeirra hafa ekki komist í snertingu við önnur efni úr dýraríkinu en þau sem tilgreind eru í d-lið og ætið innihélt ekki húsdýraáburð, eldhússúrgang eða annan úrgang.</p>		

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til  
manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt  
próttín, aðrar en gæludýrafóður

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II.2	<p>lögbært yfirvald rannsakaði slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreyndi að það uppfyllir eftirfarandi staðla <sup>(3)</sup>:</p> <p>Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0</p> <p>lðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,</p>		
II.3	<p>allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,</p>		
II.4	<p>fullunna afurðin:</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>annað-hvort</i> [var sett í nýja eða dauðhreinsaða sekki,]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>eða</i> [var flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem hafði fyrir notkun verið vandlega hreinsað og sóthhreinsað,]</p>		
	<p>með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS/UNNIÐ SKORDÝRAPRÓTTÍN — MÁ EKKI NOTA Í FÓÐUR FYRIR ALIDÝR ÖNNUR EN LAGARELDISDÝR OG LOÐDÝR“,</p>		
II.5	<p>fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,</p>		
II.6	<p>unna dýrapróttínið úr öldum skordýrum, eða afurðirnar sem lýst er hér að ofan, inniheldur ekki og er ekki úr</p>		
	<p>(<sup>2</sup>) <i>annað-hvort</i> [a) sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (4),</p> <p>b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin, sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru fengnar úr, voru fædd, alin samfelld og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (5), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,</p> <p>c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr dýrum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, nema ef dýrin voru fædd, alin samfelld og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]</p> <p>(<sup>2</sup>) <i>eða</i> [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfelld frá burði og slátrað í landi eða á landsvæðis sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]</p>		
II.7	<p>Unna dýrapróttínið eða afurðin sem lýst er hér að ofan:</p>		
	<p>(<sup>2</sup>) <i>annað-hvort</i> [inniheldur ekki mjólk eða mjólkurvörur úr sauðfé eða geitum.]</p>		
	<p>(<sup>2</sup>) <i>eða</i> [inniheldur mjólk eða mjólkurvörur úr sauðfé eða geitum sem:</p> <p>a) kemur úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin samfelld frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,</li> <li>ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,</li> <li>iii. opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,</li> <li>iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,</li> <li>v. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jörturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili.</li> </ol>		

## LAND

**Unnið dýraprófín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til  
manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prófín,  
aðrar en gæludýrafóður**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>b) kemur frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,</p> <p>c) kemur frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:</p> <p>(<sup>2</sup>) annaðhvort [allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,]</p> <p>(<sup>2</sup>) eða öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og</li> <li>— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.]]</li> </ul>		
<i>Athugasemdir</i>			
<b>I. hluti:</b>			
— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.			
— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísavæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.			
— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (jámbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.			
— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.05, 05.06, 05.07, 05.11 eða 23.01.			
— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.			
— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.			
— Reitur I.28: Tegund: tilgreinið vísindaheiti skordýrs.			
<b>II. hluti:</b>			
<sup>(1a)</sup> Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.			
<sup>(1b)</sup> Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.			
<sup>(2)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.			
<sup>(3)</sup> Þar sem:			
n = fjöldi sýna sem prófa skal,			
m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,			

LAND

Unnið dýrapróttín úr öldum skordýrum sem er ekki ætlað til  
manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt próttín,  
aðrar en gæludýrafóður

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og</p> <p>c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.</p> <p>(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.</p> <p>(<sup>5</sup>) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).</p> <p>— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.</p> <p>— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.</p>		
<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:“</p> <p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Undirskrift:</p>		